

Nd.

**801. Frumvarp til laga**

[249. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 666 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

15. gr. hljóði svo:

Rétt til bóta samkv. lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:

- a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
- b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu í a. m. k. 1144 dagvinnustundir, eða 572 dagvinnustundir ef um reglubundna hálf dagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kaupaxta verkalýðsfélaga eða kjarasamningi. Bótapegi, sem fullnægir ákvæðum þessa stafliðs, missir ekki rétt sinn til bóta, þó að hann taki starfi, sem ekki er tryggingaskyld samkv. lögum þessum, og stundi það allt að 24 mánuðum. Bótaréttur glatast heldur ekki þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Enginn getur þó öðlast bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingarskyld, eða atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólánám í sex mánuði. Sá sem öðlast bótarétt, samkvæmt grein þessari, heldur honum, þó að hann síðar fullnægi ekki ákvæði þessa stafliðs um vinnustundun vegna skráðs atvinnuleysis á tímabilinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.
- c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum, eða í 9 daga virka, ef um algert og samfellt atvinnuleysi er að ræða. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, samkvæmt lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Verði meira en 12 dagar milli skráninga, reiknast að auki 6 daga biðtími. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.